

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	4.6.2019
Málsnr:	1801284
Bréfal:	652.2

Hafnarfjarðarkaupstaður  
Rósa Guðbjartsdóttir  
Strandgata 6  
220 Hafnarfjörður

Reykjavík, 31. maí 2019

Tilvísun: 201901126 / 5.3

---

## Efni: Suðurnesjalína 2 - beiðni um umsögn um frummatsskýrslu

---

Landsnet hefur tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu um Suðurnesjalínu 2 í sveitarfélögunum Hafnarfirði, Grindavíkurbæ, Vogum og Reykjanesbæ.

Meðfylgjandi er frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar. Með frummatsskýrslu fylgja teikningar en viðaukar eru eingöngu aðgengilegir á vefnum t.d. í gegnum [www.skipulag.is](http://www.skipulag.is). Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir að Hafnarfjarðarkaupstaður gefi umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila.

Umsögn óskast send Skipulagsstofnun fyrir 27. júní 2019 einnig á tölvupóstfang: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is) og [sigurdur@skipulag.is](mailto:sigurdur@skipulag.is).

Virðingarfyllst,

  
Sigurður Ásbjörnsson

Umsagnaraðilar: Hafnarfjarðarbær, Grindavíkurbær, Reykjanesbær, Sveitarfélagið Vogar, Ferðamálastofa Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Umhverfisstofnun og Vegagerðin.